



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23.10.2012
Tilvísun: 201210-0024

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar (119. mál).

Vísað er til umsagnar sambandsins um sama mál þá er það var flutt sem mál nr. 67 á 139 þingi en þar eru hugmyndir þær sem að baki tillögunni búa studdar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.

Alþingi
Erindi nr. P 141/292
komudagur 1.11.2012

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 1. nóvember 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

Þann 19. október sl. barst ráði Femínistafélags Íslands til umsagnar frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál. Femínistafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna og telur málið þarft í ljósi þess að kærunefnd jafnréttismála hefur margsinnis fjallað um kærur vegna stöðuveitinga og, eins og segir í greinargerð tillögunnar, eru mörg dæmi um að niðurstöður kærunefndarinnar hafa verið þær að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíkum lögbrotum og brýnt að tryggja að hæfnismat sé ekki skekkt af kynjuðum hugmyndum um ábyrgð, hæfni og áherslur.

Mikilvægt er að í mótun reglna um verkferla og hæfnismat sé meint hlutlaust mat á hæfni umsækjenda og þær hæfniskröfur sem gerðar eru til umsækjenda skoðaðar með gagnrýnum augum í ljósi þess að samfélagið er undir áhrifum af aldagömlum karllægum strúktúr og kynjakerfi. Eitt af því sem ráð FÍ telur mikilvægt að hafa í huga við mótun verkferla er að ef embættismaður láti af störfum, þá sé staðan auglýst eins fljótt og auðið er, og helst þyrftu að vera ákveðin sanngjörn tímamörk fyrir slíkt. Ef næstráðendur sitja lengi í stöðu embættismanns án þess að staðan sé auglýst getur viðkomandi öðlast óeðlilegt forskot á aðra umsækjendur og er það ekki í samræmi við sanngjarna stjórnsýsluhætti. Þá mælir Femínistafélagið með því að umsóknir verði nafn- og aldurslausar þegar þær eru metnar á fyrstu stigum umsókna (þ.e.a.s. áður en kemur að ráðningarviðtölum).

Virðingarfyllt,
F.h. Femínistafélags Íslands,
Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykavík

Akranesi 19. október 2012

Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

Vísað er til erindis frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis dags. 19. október 2012 þar sem óskað er eftir að Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

FFR fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar enda hefur umræðan á Íslandi undanfarin misseri um skipanir í lykilembætti hjá ríkinu stundum verið skaðleg og einkennst af tortryggni og vantrausti. Því er aðgerða þörf til úrbóta m.a. til að efla traust almennings á ferli ráðninga í opinber embætti og til að tryggja sem best að hæfileikafólk fái til starfa hjá hinu opinbera.

FFR vekur athygli Alþingis á því að í mars 2011 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að fjalla um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Hópurinn skilaði tillögum sínum til fjármálaráðherra í apríl 2012 og fjalla niðurstöðurnar m.a. um æskilegar breytingar á fyrirkomulagi ráðninga. Hægt er að lesa tillögurnar í heild sinni á þessari slóð: http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar_frettir/nr/15542

Varðandi fyrirkomulag ráðninga þá lagði starfshópurinn fram eftirfarandi megingtillögur:

„Starfshópurinn leggur til að stofnuð verði með lögum sjálfstæð eining innan stjórnvæðis sem sinni allri framkvæmd og utanumhaldi um fyrirkomulag ráðninga, launaákvæðanir, frammistöðumat, starfsþróun, hreyfanleika og starfslok forstöðumanna. Í stað níverandi fyrirkomulags þar sem þessum viðfangsefnum er ýmist dreift á margar hendur eða ekki sinnt þar sem ekki eru fyrir hendi forsendur til að sinna þeim.

Hin miðlæga stjórnendaeining skilgreini, varðandi hvern stjórnunarþátt fyrir sig, hvaða hæfnisþættir koma til álita. Ráðuneyti og viðkomandi stofnun velja svo þá

hæfnisþætti sem eiga við starf forstöðumanns tiltekinnar stofnunar. Þannig hefur hvert starf sitt „hæfniskort“. Sett yrði hámark og lágmark hæfnisþátta fyrir hvern stjórnunarþátt fyrir sig, sem má velja úr fyrir hvert hæfniskort, sem aftur tæki mið af stærð og tegund stofnunar.

Hin miðlæga eining haldi utan um og sjái um framkvæmd ráðningar, allt frá því að ákvörðun er tekin um að auglýsa þar til ráðning er afstaðin. Einingin ákveður ekki hver skuli ráðinn, það gerir ráðherra, en hún stjórnar öllum öðrum þáttum ráðningarferilsins. Hún ákveður, í samráði við ráðuneytið, hvaða þætti leggja skuli áherslu á í auglýsingu starfsins, hvaða matsaðferðum skuli beitt gagnvart umsækjendum o.s.frv.

Lagt er til að horfið verði frá fortakslausri auglýsingaskyldu og aukin áhersla verði lögð á að efla hreyfanleika forstöðumanna innan rikiskerfisins. Jafnframt er lagt til að felld verði úr gildi sú skylda að upplýsa um nöfn og starfsheiti umsækjenda.

Hin miðlæga eining sjái um útfærslu á tímabundnum ráðningum, með möguleika á framlengingu sem ýmist væri takmörkuð við tiltekinn fjölda framlenginga eða það ótiltekið og væri á valdi viðkomandi ráðherra hverju sinni, að fengnu mati hinnar miðlægu einingar.“

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson
formaður Félags forstöðumanna rikisstofnana

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29. október 2012
1210031 KÁ


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

Með tölvubréfi dags. 19. okt. 2012 barst Jafnréttisstofu beiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

Jafnréttisstofa skilaði ítarlegri umsögn um sama mál árið 2010 (sjá fylgiskjal II með tillögunni) og vísar til hennar að öðru leyti en því að breytingar hafa orðið, t.d. á tölu dómara sem þar er vitnað til Jafnframt hefur komið fram að innan forsætisráðuneytisins er nú unnið að tillögum um það hvernig betur má standa að ráðningum ríkisstarfsmanna til að koma í veg fyrir kærur um brot á jafnréttislögum nr. 10/2008. Nefndinni er bent á að kynna sér þá vinnu ef hún kynni að skarast við það sem þingsályktunartillagan kveður á um.

Jafnréttisstofa ítrekar stuðning sinn við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,


Kristín Ástgeirsdóttir
framkvæmdastýra

Alþingi
Erindi nr. P 141/186
komudagur 22.10.2012

Tillaga til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

Mannréttindaskrifstofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við þingsályktunar tillöguna en vísar til fyrri umsagnar sinnar um málið.

<http://www.humanrights.is/media/umsagnir-um-lagafrumvorp/Umsogn-Mannrettindaskrifstofu-Islands-um-67.-mal-skipan-i-embretti.-%282%29.pdf>

Bestur kveðjur/Best Regards,

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir
Lögfræðingur/legal advicer

Mannréttindaskrifstofa Íslands
The Icelandic Human Rights Centre
Túngata 14
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/320
komudagur 2.11.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2012

Efni: Umsögn SA um þingsályktunartillögu um mótun verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

SA hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

Tekið er undir það sjónarmið að vanda skuli ákvörðanatöku við opinberar embættisveitingar. Þess ber þó að gæta að til að tryggja að hæfasti umsækjandi sé ráðinn er mikilvægt að taka tillit til fleiri þátta en þeirra sem metnir verða á grundvelli faglegs mats á menntun og reynslu viðkomandi. Nauðsynlegt er að ákveðið svigrúm sé til staðar svo hægt sé að taka tillit til matskenndra þátta við skipan í embætti svo sem hæfni til mannglegrar samskipta, samstarfshæfni og annarra eiginleika sem mikilvægir eru í viðkomandi starfi. Oft og tíðum er sá sem ber ábyrgð á viðkomandi starfsemi best til þess fallinn að meta hæfni umsækjenda m.t.t. þessara þátta.

Auk þess má benda á að í opinberum starfsmannarétti er gengið út frá því að ráðningarvaldið haldist í hendur við vald vinnuveitandans til að segja starfsmönnum upp og því verður ekki séð hvernig hugmyndir um að flytja skipunarvaldið til hæfnisnefnda á að ganga upp.

Gildandi réttarheimildir mæla fyrir um skýrar reglur sem fara ber eftir við ráðningar og skipan í opinber embætti. Þannig gera stjórnsýslulögin þá kröfu að umsækjendur um störf hjá hinu opinbera séu metnir á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og þeirra krafna sem gerðar eru í auglýsingum um starf eða embætti.

f.h Samtaka atvinnulífsins

Kristín Þóra Harðardóttir hdl.



Sýslumannafélag Íslands

Vatnsnesvegí 33, 230 Keflavík, thorolfur@syslumenn.is s. 420 2428

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/176
komudagur 22.10.2012

Reykjanesbæ, 22. október 2012

Umsögn Sýslumannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

Taka má undir með tillöguflytjendum að opinberar stöðuveitingar eru vandmeðfarnar og geta vakið deilur og valdið kærur, þó slíkt heyri sem betur fer til undantekninga.

Í apríl síðastliðnum skilaði starfshópur fjármálaráðherra undir stjórn Gunnars Björnssonar skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, ítarlegum tillögum sínum um starfsumhverfi forstöðumanna, sem finna má á vef fjármálaráðuneytisins sem rit 2012-15. Þar er m.a. að finna greiningu og útlistun á stjórnunar- og hæfnisþáttum sem leggja ber til grundvallar við ráðningu og mat á forstöðumönnum. Einnig eru settar fram margháttáðar tillögur að úrbótum og að sett verði heildstæð stjórnendastefna, þar sem miðlægri einingu verði falin ábyrgð á fyrirkomulagi ráðningarmála, launaákvarðana, frammistöðumats og starfsþróunar, hreyfanleika og starfslokum forstöðumanna, út frá fyrirfram skilgreindum viðmiðum og verklagi.

Ekki verður betur séð en að vinna starfshópsins og tillögur taki með greinargóðum hætti á þeim álitaefnum sem tillaga sú til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar ætlar sérstakri þingskipaðri nefnd að fjalla um komandi vetur.

Að mati stjórnar Sýslumannafélags Íslands getur Alþingi sparað sér skipun sérstakrar nefndar hér að lútandi en þess í stað hagnýtt sér þá vinnu og tillögur starfshóps fjármálaráðherra sem að framan greinir.

f.h. Sýslumannafélags Íslands

Þórólfur Halldórsson formaður